

Nr. 17-141 S 106 Eyjólfur Ólafsson HU 100***Eldur í höfn og sekkur***

Skipaskr.nr. 2175
Útgerð: Áróra ehf
Smíðaður: Mótun, 1992, trefjaplast.
Stærð: 7,05 brl. 7,70 bt.
Mesta lengd: 9,00 m Skráð lengd: 8,98 m
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,40 m
Vél: Cummins, 187 kw, 1997.
Fjöldi skipverja: 2



Eyjólfur Ólafsson©Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. ágúst 2017 var Eyjólfur Ólafsson HU 100 við bryggju á Norðurfirði í Árneshreppi. Veður: NNV 8 m/s.

Báturinn kom að bryggju um nóttina vegna brælu og skipverjar voru í landi þegar eldur kom upp í bátinum. Ekkert slökkvilið var í Árneshreppi en aðstoð barst frá Slökkviliði Strandabyggðar á Hólmavík sem kom og slökkti eldinn (*sjá mynd*). Eins og myndin sýnir var Eyjólfur Ólafsson þá alveg brunninn og sökk hann skömmu síðar.



Eyjólfur Ólafsson eftir slökkvistarf

Við rannsókn kom fram:

- að ekki er vitað um eldsupptök. Samkvæmt ferilskráningarkerfi Vaktstöðvar siglinga fór Eyjólfur Ólafsson úr höfn kl. 02:50 og var kominn til baka kl. 03:49. Síðasta merkið kom frá bátnum samkvæmt skráningakerfinu kl. 06:06;
- að fram kom hjá skipstjóra að þeir (skipverjarnir) hefðu farið til veiða en snúið við vegna brælu, farið frá borði og ákveðið að bíða átekta í landi. Þegar þeir hefðu snúið aftur til bátsins milli kl. 07:00-08:00 hefðu þeir komið að honum alelda stafna á milli. Þeir hefðu ekki getað staðsett hugsanleg eldsupptök;
- að samkvæmt upplýsingum frá skipstjóra hefði verið algeng gashitunarmiðstöð (*tegund óþekkt*) í stýrishúsinu. Hann vissi ekki betur en að hann hefði slökkt á henni eins og venjulega þegar hann fór frá borði;
- að nokkurra ára gamall spennubreytir (*230V, tegund óþekkt*) var á þili stjórnborðsmegin í stýrishúsinu. Skipstjórinn var ekki viss hvort eða hvaða tæki voru tengd við hann á þessum tíma en um borð var tölva og símahleðslutæki;
- að báturinn var ekki í landtengingu;
- að búnaðarskoðun var gerð án athugasemda þann 4.8.2017 og var gildistími hennar til 3.8.2018;
- að haffærisskírteini hafði verið gefið út 4.8.2017 og gildi til 4.9.2017;
- að gildistími rafmagnsskoðunar var frá 7.7.2016 til 7.7.2018.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.